

Fimmtudaginn 13. júní 1974.

Nr. 40/1973: **Gunnlaugur Karlsson**
 (Guðjón Steingrímsson hrl.)
 gegn
Útvegsbanka Íslands
 (Axel Kristjánsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Hlutafjárloforð. Aðför. Nauðungarupphöð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. mars 1973. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að ársvextir verði aðeins dæmdir 6%. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Kröfu sína um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og að málinu verði vísað frá héraðsdómi byggir áfrýjandi á því, að við þrjár af fjárnámsgerðum þeim, sem framkvæmdar voru af fulltrúa bæjarfógetans á Seyðisfirði 28. janúar 1969 hafi sonur bæjarfógetans sótt þing fyrir gerðarbeiðendur. Nauðungarupphöðið 2. september 1969 hafi bæjarfógeti haldið sjálfur, en þá hafi fulltrúi hans sótt þing fyrir einn upphöðsbeiðanda, en sonur hans fyrir annan. Hvort tveggja þetta sé andstætt ákvæðum 36. gr. laga nr. 85/1936. Eignarheimild stefnda á hlutafjárloforði áfrýjanda byggist því á ólögætum réttargerðum og beri af þeim sökum að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu frá héraðsdómi.

Greindum fjárnámsgerðum og nauðungarupphoði hefur ekki verið áfrýjað. Koma því þessar kröfur áfrýjanda ekki til álita hér fyrir dómi.

II.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, voru hinn 2. september 1969 seldar á nauðungarupphoði í upphoðsrétti Seyðisfjarðar ógreiddar en gjaldfallnar eftirstöðvar hlutafjárloforða 6 hluthafa í Fjarðasíld h/f á Seyðisfirði, þar á meðal áfrýjanda, samtals að fjárhæð kr. 2.000.000.00. Fór nauðungarupphoðið fram til fullnustu á 5 fjárnáms- og lög- taksgerðum í hlutafjárloforðunum. Námu fjárnáms- og lög- takskröfur þessar „samtals allt að einni milljón króna“, eins og segir í auglýsingu um nauðungarupphoðið. Hin ógreiddu hlutafjárloforð voru öll seld í einu lagi. Voru þau slegin stefnda sem hæstbjóðanda fyrir kr. 500.000.00. Greiddi hann upphoðsandvirðið ásamt innheimtulaunum til upphoðshald- ara 15. september 1969.

Stefndi virðist telja, að sér sé heimilt sem upphoðskaup- anda að innheimta sér til handa öll hin ógreiddu hlutafjár- loforð með fullri fjárhæð þeirra. Krefur hann í máli þessu áfrýjanda um greiðslu á hlutafjárskuld hans, en hún nam kr. 500.000.00.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. hlutafélagalaga nr. 77/1921 er hver sá, er hefur skrifað sig fyrir hlut í hlutafélagi, skyldur að greiða hann á gjalddaga, og eru stofnendur eða stjórn hlutafélags, ef hún hefur verið skipuð, réttir sækjendur þess máls. Í 21. gr. laganna segir, að sömu aðiljar skuli gefa út bráðabirgðaskírteini fyrir greiddu hlutafé, en hlutabréf skulu undirrituð af félagsstjórn samkvæmt 22. gr., og er bannað að gefa þau út, fyrr en hlutur er að fullu greiddur.

Áfrýjandi hefur ekki verið leystur undan skyldu til að greiða lofað hlutafé til Fjarðasíldar h/f með þeim hætti, sem greinir í 26. gr. hlutafélagalaga. Það er ekki á valdi stefnda að gefa út til handa áfrýjanda hlutabréf samkvæmt 22. gr. eða bráðabirgðaskírteini samkvæmt 21. gr. laganna, ef hann vill innheimta hjá honum ógreitt hlutafé. Af þessum ástæðum verður að telja, að stefndi geti ekki sótt áfrýjanda til efnda

á hlutafjárloforði hans á grundvelli framangreindra réttargerða, enda verður að líta svo á með skírskotun til 3. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1887, að eigi hafi verið rétt að gera aðför í ógreiddu hlutafjárloforði áfrýjanda. Ber samkvæmt þessu að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Gunnlaugur Karlsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Útvegsbanka Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um höfnun á kröfu áfrýjanda um ómerkingu og frávísun málsins.

II.

Samkvæmt stofnsamningi Fjarðasíldar h/f 14. janúar 1966, sem áfrýjandi undirritaði, hefur hann skuldbundið sig til að kaupa hluti í félaginu fyrir kr. 1.000.000.00. Í niðurlagi 3. gr. stofnsamningsins segir, að helmingur hlutafjárins sé greiddur, „en eftirstöðvar kræfar, hvenær sem stjórn félagsins ákveður“. Á hluthafafundi Fjarðasíldar h/f 23. maí 1967 var samþykkt „að skora á þá hluthafa, er ekki hafa þegar greitt inn hlutafjárloforð sín að fullu, að ljúka greiðslum eigi síðar en 1. júlí 1967, ella verði framlag þeirra innheimt eftir þeim leiðum, sem lög gera ráð fyrir“. Með bréfi 26. maí 1967 var samþykkt þessi send þeim hluthöfum, sem eigi höfðu greitt hlutafjárloforð sín að fullu, þar á meðal áfrýjanda, sem auk þess var krafinn munnlega um greiðslu eftirstöðva hlutafjárins af stjórnarmönnum í Fjarðasíld h/f. Krafa Fjarðasíldar h/f á hendur áfrýjanda var því eindög-

uð, sbr. 20. gr. laga nr. 77/1921, þegar fjárnám voru gerð í henni 28. janúar 1969 samkvæmt ábendingu fyrirsvartmanna hlutafélagsins. Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var hið fjárnumda hlutafjárloforð áfrýjanda ásamt öðrum hlutafjárloforðum selt á nauðungaruppboði 2. september 1969 og slegið stefnda sem hæstbjóðanda. Hvorki fjárnámsgerðum þessum né nauðungaruppboðinu hefur verið áfrýjað. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að ársvextir ákveðast 6% samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/1921 og reiknast frá 1. júlí 1967.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 70.000.00.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Gunnlaugur Karlsson, greiði stefnda, Útvegsbanka Íslands, kr. 500.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 70.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu

22. desember 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 7. þ. m., hefur Matthías Guðmundsson bankastjóri höfðað fyrir hönd Útvegsbanka Íslands, útibúsins á Seyðisfirði, á hendur Gunnlaugi Karlssyni, Hólabraut 7, Keflavík, með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dóm hinn 3. febrúar 1972.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 500.000.00 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 23. maí 1967 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Stefndi krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu. Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þeir, að stefndi gerðist stofnandi að hlutafélaginu Fjarðasíld h/f. Dagsetning samþykktu félagsins er 14. janúar 1966, og með undirskrift sinni undir stofnsamning hlutafélagsins, dags. sama dag, skuldbatt stefndi sig til þess að leggja fram hlutfé að fjárhæð kr. 1.000.000.00. Af þeirri fjárhæð greiddi stefndi strax kr. 500.000.00, eða helminginn, en eftirstöðvarnar skyldu vera kræfar, þegar stjórn félagsins ákvæði. Þann 23. maí 1967 ákvað hluthafafundur, að eftirstöðvar hlutafjárins skyldu kræfar, og var það tilkynnt stefnda með bréfi, dags. 26. maí 1967, og honum veittur frestur til 1. júlí sama ár til þess að greiða eftirstöðvar hlutafjárloforðs síns.

Með fjórum aðfarargerðum, sem fram fóru í fógetarétti Seyðisfjarðar hinn 28. janúar 1969, var gerð aðför hjá Fjarðasíld h/f í ógreiddum hlutafjárloforðum, samtals að fjárhæð kr. 2.000.000.00, þar á meðal í hlutafjárloforði stefnda. Gerðarbeiðendur voru Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens, höfuðstóll fjárnámskröfu kr. 150.000.00, þrotabú Kaupfélags Austfjarða, höfuðstóll fjárnámskröfu kr. 129.559.64, innheimtumaður ríkissjóðs, höfuðstóll lögtakskröfu kr. 71.904.00, Kjartan Ingvarsson, höfuðstóll fjárnámskröfu kr. 260.887.15, og Átak s/f, höfuðstóll fjárnámskröfu kr. 137.317.91, allt að viðbættum vöxtum og kostnaði, þar á meðal málskostnaði.

Hinn 2. september voru hin fjárnumdu hlutafjárloforð seld á nauðungaruppboði. Uppboðskauppandi var stefnandi í máli þessu, og keypti hann umrædd hlutafjárloforð, sem eins og áður greinir, námu samtals kr. 2.000.000.00, á kr. 500.000.00. Greiddi stefnandi þá fjárhæð ásamt uppboðskostnaði, að fjárhæð kr. 15.000.00, til bæjarfógetans á Seyðisfirði hinn 15. september 1969.

Við uppboðið var ekki mætt af hálfu stefnda í máli þessu, en hins vegar lagði uppboðshaldarinn fram símskeyti frá stefnda, dags. 29. maí 1969, svohljóðandi:

„Mótmæli fjárnámi og fyrirhuguðu uppboði á hlutafjárloforðum Fjarðasíldar h.f.

Umsamið var, að eftirstöðvar hlutafjár okkar greiddist með hráefni, eftir að verksmiðjan byrjaði rekstur, hlutafjárkrafan því

ekki gjaldfallin. Frekari tilkynningar vegna þessa máls óskast sendar mér.

F. h. Jóns Ingiberssonar, Óskars Ingiberssonar og Gunnlaugs Karlssonar.

Guðjón Steingrímsson.“

Uppboðshaldarinn lagði einnig fram svarbréf sitt við umræddu símskeyti, og er bréfið dagsett 20. júní 1969:

„Eftir móttöku símskeytis yðar, herra hæstaréttarlögmaður, dags. 29. maí s.l., hefi ég rætt við stjórn Fjarðasíldar h.f. um þá fullyrðingu yðar, að umbjóðendur yðar, þeir Jón Ingibersson, Óskar Ingibersson og Gunnlaugur Karlsson, hafi samið um að greiða eftirstöðvar hlutafjárloforða sinna með hráefni, og er þá væntanlega átt við síld.

Stjórn Fjarðasíldar h.f. kveðst ekki viðurkenna að hafa gert slíkan samning við umbjóðendur yðar.

Með hliðsjón af því, að umbjóðendur yðar hafa ekki fært sönnur á, að þeim hafi verið veittur gjaldfrestur á hlutafjárloforðum, mun ég auglýsa uppboð á hlutafjárloforðum þeirra til Fjarðasíldar h.f. án frekari aðvörunar, nema hið ógreidda hlutafé verði greitt til mín fyrir 1. júlí næstkomandi eða uppboðsbeiðni verði afturkölluð á sama fresti.

Ef umbjóðendur yðar kjósa að greiða mér hlutafjárloforðin með bræðslusíld, er ég að vísu til viðtals um það, en án skuldbindingar að svo stöddu, ef þeir gera líklegt, að hægt sé að afhenda mér síldina innan skamms.“

Í framlögðu endurriti úr uppboðsbók Seyðisfjarðar segir svo:

„Uppboð þetta hefir verið auglýst með uppfestum auglýsingum hér í bæ og á skrifstofu uppboðshaldara síðan 5. ágúst s.l., tilkynnt með ábyrgðarbréfum sama dag uppboðspola, skuldurum hlutafjár og öllum aðfararhöfum, og tilkynning loks ítrekuð 30/8 s.l. með símskeytum til allra skuldara hlutafjár skv. uppboðsauglýsingu, en munnlega við uppboðspola.“

Með kröfubréfi, dags. 15. október 1969, hófst svo stefnandi í máli þessu handa um innheimtu á hlutafjárloforði stefnda og höfðaði hinn 8. júní 1970 mál á hendur stefnda. Málið var hinn 3. febrúar 1972 flutt í sjó- og verslunardóm. Kröfugerð er óbreytt og lögð fram öll hin sömu skjöl og í aukapingsmálinu.

Stefndi heldur því fram, að óheimilt hafi verið að gera fjárnám í umræddum hlutafjárloforðum. Hlutafjárloforð séu að íslenskum rétti ekki lögmætt fjárnámsandlag. Bæði fjárnámið og uppboðið, sem fram fór í uppboðsrétti Seyðisfjarðar hinn 2. september 1969, séu því ógild. Stefndandi hafi því ekki orðið löglegur rétthafi að stefnukröfunni í máli þessu og beri því að sýkna stefnda sakir aðildarskorts stefnanda. Í þessu sambandi heldur stefndi því fram, að engin nauðsyn hafi knúið dómhafa til þess að ganga að hlutafjárloforðunum, þar sem um aðrar eignir hafi verið að ræða, sem hægt hafi verið að gera fjárnám í, svo sem verksmiðjubyggingu félagsins. Ef engar eignir hafi verið til, þá hafi stjórn félagsins borið að afhenda það til gjaldþrotaskipta.

Stefndi telur, að sú regla gildi tvímælalaust í íslenskum hlutafélagarétti, að óheimilt sé að framselja hlutafjárloforð eða ráðstafa slíkum loforðum á nokkurn hátt. Þessi regla komi beinlínis fram í 26. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög, en þar sé bannað að leysa áskrifendur undan greiðslu á lofuðum hlutafjárframlögum. Þessar reglur séu byggðar á því, að hlutafjáarkapitalið eigi að vera bundið vegna hagsmuna allra lánardrottna félagsins. Bannig við framsali hlutafjárloforða leiði til þess, að skuldheimtumenntu félagsins geti ekki gengið að kröfum félagsins á hendur einstökum félagsmönnum. Þá telur stefndi, að framsal eða fjárnám í hlutafjárloforðum sé brot á svokallaðri jafnréttisreglu, sem talin sé gilda í hlutfélagarétti allra þjóða, en í henni felist m. a., að sé ekki annað tekið fram í stofnsamningi, þá fylgi sami réttur öllum hlutum og einstakur hluthafi þurfi ekki að þola neitt, sem skerði þetta jafnrétti, hvort sem það felist í því að fá öðrum rétt, sem honum ber, eða veita öðrum rétt, sem hann fær ekki.

Þá heldur stefndi því fram, að það sé ósannað, að stjórn hlutafélagsins hafi gert reka að því að innheimta ógreidd hlutafjárloforð hjá öðrum félagsmönnum, þar á meðal hjá sjálfri stjórninni. Þá telur stefndi, að einstökum félagsmönnum hafi verið ívilnað, m. a. þannig, að þeir hafi fengið að samþykkja víxla fyrir framlögum sínum eða greitt framlög sín á annan ólögghæfan hátt, svo sem með því að taka að sér að greiða kröfur á hendur félaginu. Slíkt sé brot á jafnrétti hluthafa og þar sem einnig hafi átt sér stað ólögleg niðurfærsla hlutafjár, sbr. 26. gr. hlutafélagalaganna, þá telur stefndi, að loforð sitt um greiðslu hlutafjár sé niður fallið vegna brostinna forsendna.

Stefndi heldur því einnig fram, að svo hafi verið umsamið við stjórn félagsins, að hann fengi að greiða eftirstöðvarnar af hluta-

fjárframlagi sínu í bræðslusíld, eftir að verksmiðja félagsins tæki til starfa. Nú sé ljóst, að ekkert verði úr því, að verksmiðjan komist upp, og hafi því stjórninni borið skylda til að gera ráðstafanir til að láta slíta félaginu samkvæmt VI. kafla hlutafélagalaganna, eða a. m. k. að færa hlutafé niður um helming, þessi skylda hvíli enn á stjórninni og leiði til þess, að bæði framsöl hlutafjárloforða og aðför í þeim sé óheimil.

Loks telur stefndi, að greiðsluskylda sín samkvæmt hlutafjárloforðinu sé fyrnd. Félagið sé stofnað hinn 14. janúar 1966, eða 4 árum og 5 mánuðum tæpum áður en mál var höfðað til heimtu hlutafjárloforðsins. Samkvæmt 5. gr. i. f. hlutafélagalaganna geti stjórn félags ekki dregið að innkalla hlutafé eftir eigin geðþótta. Leiði þetta til þess, að greiðsluskylda stefnda samkvæmt hlutafjárloforðinu sé fyrnd samkvæmt 5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Varakröfu sína um sýknu að svo stöddu rökstyður stefndi með því, að engin lögleg ákvörðun hafi verið tekin um innköllun hins ógreidda hlutafjár. Í fyrsta lagi heldur hann því fram, að stjórn félagsins hafi ekki löglega getað framselt hluthafafundi það vald að innkalla hlutaféð. Í öðru lagi, að fundurinn hafi ekki verið löglega boðaður, og í þriðja lagi, að ákvörðunin hafi ekki verið löglega tekin á fundinum, og loks að stefnda hafi ekki verið löglega tilkynnt um ákvörðun fundarins, enda hafi honum verið ókunnugt um hana. Sé því greiðslan ekki enn í gjalddaga fallin gagnvart stefnda, en það leiði til þess, að sýkna beri hann að svo stöddu af stefnukröfum í máli þessu.

Að lokum bendir stefndi á ákvæði 20. gr. laga nr. 77/1921 um 6% vexti af gjaldföllnum hlutafjárloforðum og mótmælir vaxtakröfu stefnanda sérstaklega með vísan til þessa ákvæðis.

Fram hefur verið lagt í málinu endurrit úr fundargerðarbók Fjarðasíldar h/f, þar sem fram kemur, að á hluthafafundi hinn 23. maí 1967 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Fundurinn samþykkir að skora á þá hluthafa, er ekki hafa þegar greitt inn hlutafjárloforð sín að fullu, að ljúka greiðslum eigi síðar en 1. júlí 1967, ella verði framlag þeirra innheimt eftir þeim leiðum, sem lög gera ráð fyrir.“

Tillagan var samþykkt samhljóða, en á fundinum voru mættir 10 hluthafar. Ekki er getið um, að neinn þeirra hafi farið með atkvæði annarra hluthafa.

Framkvæmdastjóri Fjarðasíldar h/f, Pétur Blöndal, hefur borið fyrir dóminum, að fundurinn hafi verið boðaður með símskeyti. Stefnda í máli þessu var tilkynnt um samþykkt þessa með bréfi, dags. 25. maí 1967, sem sent var þeim, sem eigi höfðu að fullu greitt hlutafjárloforð sín.

Við aðiljayfirheyrslu hinn 19. nóvember 1970 var eftirfarandi m. a. bókað eftir stefnda varðandi aðgerðir Fjarðasíldar h/f til innheimtu á hlutafjárloforðunum:

„Hann segist hafa verið krafinn um eftirstöðvar hlutafjárloforðsins í pennigum, munnlega, en segist ekki þora að fara með það, hvort hann hafi fengið kröfubréf, fyrr en hann fékk tilkynningu frá bæjarfógeta á Seyðisfirði varðandi uppboð á hlutafjárloforðinu.

Aðspurður segist mættur minnst þess, að Ólafur hafi boðið sér að greiða eftirstöðvar hins lofaða hlutafjár í skuldabréfum. Mættan minnir, að það hafi borið á góma, að Ólafur ætti fé hjá hlutafélaginu, og segir mættur, að sér hafi skilist, að Ólafur ætlaði skuldabréfunum að ganga upp í þá kröfu.

Aðspurður segist stefndi minnst þess, að bæði Ólafur og Pétur Blöndal hafi rukkað sig um greiðslu á hlutafjárloforðinu. Hann minnst þess, að Pétur Blöndal hafi a. m. k. einu sinni hringt í sig af þessu tilefni.

Aðspurður segist mættur minnst þess, að Ólafur Ólafsson hafi sagt við sig, að fjárnám yrði gert í hlutafjárloforði hans, ef hann ekki greiddi.“

Eins og áður er að vikið, þá hefur stefndi borið það fyrir sig, að svo hafi verið um samið við stjórn félagsins, að hann greiddi eftirstöðvarnar af hlutafjárframlagi sínu með bræðslusíld. Gegn mótmælum framkvæmdastjóra og stjórnarformanns Fjarðasíldar h/f hefur stefnda ekki tekist að sanna, að svo hafi verið. Þegar af þeirri ástæðu kemur þessi málsástæða ekki frekar til álita.

Ekki verður heldur fallist á með stefnda, að umrædd krafa sé fyrnd, þar sem 5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 á hér ekki við.

Eftir því sem fyrir liggur í máli þessu, verður því að byggja á því, að hlutafjárloforð stefnda til Fjarðasíldar h/f hafi verið gjaldkræft á þeim tíma, sem fjárnám og uppboð fór fram á því, en svo sem áður greinir, var gerð aðför í hlutafjárloforði stefnda hinn 28. janúar 1969, og á grundvelli þeirrar aðfarar var hlutafjárloforð hans boðið upp og selt hæstbjóðanda, stefnanda í máli þessu,

á nauðungaruppboði, sem fram fór hinn 2. september 1969. Hvorugri gerðinni var áfrýjað.

Kemur þá til álita, hvort stefndi í máli þessu geti borið það fyrir sig gagnvart stefnanda, að umræddar gerðir hafi eigi mátt fram fara. Ekki verður talið, að meginreglur laga nr. 77/1921 um hlutafélög feli í sér nægilega heimild til að víkja frá þeirri meginreglu, að fjárnámi megi taka hvers konar fjárhagsleg réttindi, enda verður fjárnámi í kröfu hlutafélags til ógreidds hlutafjár ekki að lögum fyllilega jafnað til niðurfærslu hlutafjár, sbr. 26. gr. nefndra laga. Verður því ekki hjá því komist að leggja til grundvallar, að fjárnám hafi mátt fara fram. Eins og sérstaklega stefndur á í máli þessu, þykir fjárnámið og eftirfarandi uppboðs-sala eigi fara í bága við 1. mgr. 20. gr. laga nr. 77/1921, sbr. 5. tl. 3. gr. og 12. tl. 12. gr. sömu laga. Er þess að gæta, að stefndi fékk tilkynningu um uppboðið í samræmi við 4. mgr. 38. gr. laga nr. 57/1949, án þess að hann af því tilefni fylgdi fram mótbárum sínum á uppboðsþingi eða við áfrýjun uppboðsgerðar. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykja sýknukröfur stefnda ekki hafa við nægileg rök að styðjast.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda í málinu teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 7%. Þá þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum dr. Gauki Jörundssyni prófessor og Kristjáni Torfasyni lögfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnlaugur Karlsson, greiði stefnanda, Útvegsbanka Íslands, kr. 500.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. maí 1967 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.
